


Mýrdalshreppur  
Gísli Gíslason,  
skipulagsfulltrúi  
Mýrarbraut 13  
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2010  
UST20100100086/abg

### Efni: Deiliskipulag þjónustusvæðis við Sólheimajökul í Mýrdalshreppi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 22.desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Sólheimajökul í Mýrdalshreppi.

#### Sólheimajökull- mannvirkjagerð

Deiliskipulagstillagan nær til 1 ha lóðar sem liggur í um 300 m fjarlægð frá Sólheimajökli. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaðstaða í 1-2 húsum sem nýtt verði sem alhliða aðstaða fyrir ferðamenn auk veitingasölu og salerna. Áætlað er að byggingarnar verði samtals 120m<sup>2</sup>. Einnig er gert ráð fyrir bílastæðum við þjónustuhús og tveimur öðrum bílastæðum sem eru til staðar nú þegar auk frárennslis og raf- og vatnsveitu.

#### Vegir og bílastæði

Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu sé um malarveg sem nú þegar er til staðar og að hann verði fær öllum bílum. Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt sé að bílastæðin tvö sem fyrir eru á svæðinu auk hins nýja bílastæðis sem verður við þjónustusvæðið, verði vel afmörkuð þannig að komið verði í veg fyrir utanvegaakstur eins og hægt er.

#### Frárennslí

Í greinargerð um deiliskipulagstillögu þjónustusvæðisins er gert ráð fyrir að staðsetja hreinsivirkri innan lóðar norðan megin við bílastæði. Á deiliskipulagsuppdraetti er hreinsivirkri hinsvegar staðsett suðvestan megin við umrædd bílastæði. Þykir Umhverfisstofnun hér gæta misräemis á upplýsingum. Umhverfisstofnun bendir á að á endanlegan skipulagsupprátt skal merkja staðsetningu rotþrórar, og þurfa rotþró og siturlagnir að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasiðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)).

#### Rafveita

Á deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir að rafstöð verði á svæðinu. Ekki kemur fram um hverskonar rafstöð er verið að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að ef um er að ræða t.d.


bensín- eða díselrafstöð þá þurfi að tryggja að þannig sé frá gengið að ekki berist olía út í umhverfið.


### Vatnsveita

Gert er ráð fyrir að hafa brunn fyrir neysluvatn í lækjarfarvegi við þjónustusvæðislóðina og að lögð verði vatnsleiðsla að þjónustuhúsi. Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé hægt að átta sig á staðsetningu umrædds vatnsbóls á yfirlitskorti deiliskipulagstillögunar. Einnig er mikilvægt að fram komi hvort að vatnsleiðslan verði öll grafin í jörð eða hvernig frá henni verði gengið.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag þjónustusvæðis við Sólheimajökul.

Virðingarfyllst

  
Áóalbjörg Birna  
Guttormsdóttir

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri